



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## Skútustaðahreppur

16. maí 2018 – Pistill nr. 34

Sælir og blessaðir kæru Mývetningar um land allt. Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps í morgun voru tekin fyrir tvö stór mál, annars vegar ársreikningur síðasta árs og hins vegar sala á öllu hlutafé í Fjarskiptafélagi Mývatnssveitar. Afar ánægjulegt er að sjá góða afkomu sveitarfélagsins þar sem viðsnúningur í rekstrinum er mikill. Einnig er það afar jákvætt í tengslum við söluna á Fjarskiptafélaginu að notendur ljósleiðaratenginga í Mývatnssveit skuli strax nóta góðs af sölunni því gjaldskrá mun lækka strax um 33,5%.



*Mikil uppbygging hefur átt sér stað við leikskóla og grunnskóla Skútustaðahrepps undanfarin misseri.*

## 68,5 m.kr. rekstrarafgangur Skútustaðahrepps

### – Jafnvægi komið á reksturinn

Ársreikningur Skútustaðahrepps og stofnana fyrir árið 2017 var lagður fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn Skútustaðahrepps í morgun.

Þorsteinn G. Þorsteinsson, endurskoðandi hjá KPMG, kom á fundinn og fór yfir ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu vegna endurskoðunar ársins 2017 og svaraði fyrirspurnum.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 52,8 milljónir króna. Áætlun gerði ráð fyrir 38,7 milljónum króna. Rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum reikningsskilum A og B hluta, var jákvæð um 68,6 milljónir króna en áætlun gerði ráð fyrir 47,0 milljónum króna í afgang.

Helstu frávik í rekstri samantekinna reikningsskila A og B hluta eru:

- Útsvar var 33,8 milljónum króna hærrí en áætlun gerði ráð fyrir.
- Framlög Jöfnunarsjóðs voru 7,8 milljónum króna lægri en áætlun.
- Aðrar tekjur voru 34,9 milljónum króna hærrí en áætlun.
- Laun og launatengd gjöld voru 21,9 milljónum króna hærrí en áætlun.
- Annar rekstrarkostnaður var 12,4 milljónum hærrí en áætlun gerði ráð fyrir.
- Afskriftir voru 4,4 milljónum króna hærrí en áætlun.
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru 3,9 milljónum króna hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildareignir í samanteknum reikningsskilum A og B hluta voru 685,3 milljónir króna og hækkuðu um 81,8 milljónir króna á milli ára. Heildarskuldir og skuldbindingar voru 242,4 milljónir króna. Lífeyrisskuldbinding nam 70,2 milljón króna og þar af er áætluð næsta árs

greiðsla 1,3 milljónir króna. Langtímaskuldir lækkuðu um 7,8 milljónir króna á milli ára, eða úr 74,1 í 66,3 milljónir króna. Eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam 442,9 milljónum króna og hækkaði um 89,6 milljónir króna á milli ára og var eiginfjárlutfall 64,6%. Skuldahlutfall A- og B-hluta skv. 2. tl. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nam 46,6% af reglulegum tekjum saman borið við 54,9% 2016. Veltufé frá rekstri í samanteknum reikningsskilum A og B hluta nam 88,5 milljónum króna (aukning um 7,8 m.kr. á milli ára) sem er 17,0% af heildartekjum en áætlun gerði ráð fyrir veltufé frá rekstri að fjárhæð 81,1 milljónum króna. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum í samanteknum reikningsskilum A og B hluta nam á árinu 2017, 86,8 milljónum króna en áætlun gerði ráð fyrir 61,9 milljónum króna. Á árinu voru engin ný lán tekin en afborganir langtímalána voru 7,2 milljónir króna. Handbært fé í árslok 2017 var 6,7 milljónir króna.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöður ársreiknings fyrir árið 2017 sem staðfestir að mikill árangur hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins á kjörtímabilinu. Ljóst er að jafnvægi er komið á í rekstrinum og því kominn grunnur að frekari sókn til framtíðar.

Sveitarstjórn þakkar starfsfólki sveitarfélagsins fyrir að hafa lagt hér hönd á plóg.

Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningi Skútustaðahrepps og stofnana hans fyrir árið 2017 til síðari umræðu í sveitarstjórn.

### **Nokkrar staðreyndir úr ársreikningi 2017:**

- Veltufé frá rekstri nam 88,5 millj. kr. á árinu, samanborið við 80,7 millj. kr. á fyrra ári.
- Handbært fé frá rekstri nam 84,4 millj. á árinu
- Laun og launatengd gjöld námu 45% af heildartekjum sveitarfélagsins.



*Reykjahlíðarskóli er mannaður úrvals starfsfólki og skemmtilegustu nemendum landsins.*

- Framlegðarhlutfall ársins 2017 nam 19% samanborið við 15% á fyrra ári.
- Varanlegir rekstrarfjármunir; hækkun ársins nam 79,1 millj. kr. vegna fjárfestinga sem eru umfram afskriftir og sölu ársins.
- Eigið fé nam 442,9 millj. kr. í árslok 2017, samanborið við 353,3 millj. kr. árið áður.
- Eiginfjárlutfall nam 65% í árslok.
- Framlegðarhlutfall ársins nam 19% samanborið við 15% á fyrra ári.
- Útsvar og fasteignaskattur ársins námu 343,3 millj. kr. samanborið við 291,6 millj. kr. árið áður. Það svarar til 18% hækkunar á milli ára.
- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir námu samtals 74,7 millj. kr. og skiptast í langtímalán að fjárhæð 66,3 millj. kr. og næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 8,5 millj. kr.
- Fræðslu og uppeldismál taka til sín stærsta hluta rekstrar aðalsjóðs eða 45% sem er sambærilegt og 2015.
- Æskulýðs- og íþróttamál taka 7% af rekstrinum og lækkar um 9,5% frá 2015, ástæðan er fyrst og fremst sparnaður við lokun sundlaugarinnar í ársbyrjun 2016.
- Félagsþjónusta er 4,7% af rekstrinum, menningarmál 4,6, umhverfismál 3,5 og sameiginlegur kostnaður 18,2%, svo eitthvað sé nefnt.

## **Fjarskiptafélag Mývatnssveitar selt til Tengis – Sveitarfélagið niðurgreiðir gjaldskrá Mývetninga sem lækkar um 33,5%**

Á fundi sveitarstjórnar var lagður fram samningur um sölu á öllu hlutafé í Fjarskiptafélagi Mývatnssveitar ehf. („FMÝ“) til Tengis hf. („Tengi“) í kjölfar útboðsferlis en Skútustaðahreppur á 62,0% hlutafjár í félaginu. Einnig var lagður fram samningur um framlag Skútustaðahrepps til FMÝ til niðurgreiðslu á stofnmannvirkjum félagsins sem skili sér í lækkun á mánaðarlegu aðgangsgjaldi ljósleiðara til heimila í Mývatnssveit. Magnús Kristjánsson, verkefnastjóri hjá KPMG, var í síma og fór yfir samningana og svaraði fyrirspurnum.



Veturinn 2012 varð mikið tjón á raflínum í Mývatnssveit og þá var ákveðið að leggja allar línur í jörðu umhverfis Mývatn. Tækifærið sem í þessum framkvæmdum fólst var nýtt og ljósleiðari lagður samhliða rafstrengnum. Bæði Skútustaðahreppur og Landeigendafélag Reykjahlíðar ehf. höfðu lagt í framkvæmdir við lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu en ákváðu á vordögum 2014 að sameinast um rekstur ljósleiðarakerfisins í Mývatnssveit og FMÝ var stofnað. Báðir aðilar lögðu sín kerfi sem og eignir inn í hið nýstofnaða félag og samkomulag um eignarhald tók m.a. mið af áætluðu kostnaðarverði þeirra eigna sem hvor aðili um sig lagði fram. Samkomulag varð um að

Skútustaðahreppur eignaðist 62,0% hlut í félaginu en Landeigendur Reykjahlíðar 38,0%. Tilgangur félagsins var eignarhald, rekstur og útleiga á ljósleiðarakerfi, fjarskiptaþjónusta og annar skyldur rekstur. Ljósleiðaravæðingu Mývatnssveitar var vel tekið og er inntak nánast í öllum húsum í sveitarfélaginu. Hér var um algjöra byltingu að ræða fyrir íbúa, stofnanir og fyrirtæki í Skútustaðahreppi. Stofntengingjaldi FMÝ var í upphafi haldið í lágmarki eða 50.000 fyrir hverja tengingu til að fá sem flesta inn. Í dag er tengingjaldið 250.000 kr. Mánaðarlegt aðgangsgjald ljósleiðarans til heimila hjá FMÝ hefur ávallt verið í hærri kantinum miðað við önnur sveitarfélög og er nú 4.500 kr. borið saman t.d. við 2.990 kr. hjá Tengi hf. Á stjórnarfundum FMÝ ehf. 21. september 2017 samþykkti stjórn FMÝ ehf. að fara í sölufélag með félagið „*fáist ásættalegt verð fyrir félagið*“ eins og sagði í fundargerð. Samið var við KPMG um að hafa umsjón með sölufélaginu. Í lok mars s.l. var óskað eftir óskuldbindandi tilboðum frá fjárfestum að undangengnu verðmati á félaginu. Þrjú tilboð bárust frá tveimur fyrirtækjum og á stjórnarfundum FMÝ þann 10. apríl s.l. var ákveðið að ganga til samninga við hæstbjóðanda, Tengi, um hugsanleg kaup á félaginu. Samningar náðust við Tengi og er heildarvirði FMÝ metið 101 milljón króna í viðskiptunum en frá þeirri fjárhæð dragast skuldir félagsins en handbært fé bætist við. Söluverð hlutanna jafngildir genginu 0,87 kr. á hvern hlut. Skútustaðahreppur selur hluti sína í FMÝ með það að leiðarljósi að gæta hagsmuna íbúa sveitarfélagsins. Samhliða sölunni til Tengis skuldbindur sveitarfélagið sig til að leggja til skilyrt framlag til FMÝ að fjárhæð 27,6 m.kr. til þess að tryggja að gjaldskrá til íbúa sveitarfélagsins verði sambærileg við gjaldskrá

Tengis í öðrum sveitarfélögum, samkvæmt fyrirliggjandi samningi. Eins og áður hefur verið vikið að hefur mánaðarlegt aðgangsgjald ljósleiðarans til heimila hjá FMÝ ávallt verið í hærri kantinum. Með framlagi Skútustaðahrepps lækkar gjaldskrá fyrir íbúa Mývatnssveitar úr 4.500 kr. í 2.990 kr. eða 33,5% við mánaðarmótin eftir undirritun samnings.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöðuna og hversu vel tókst til með söluferlið. Eignarhald og rekstur fjarskiptafélags er ekki hluti af kjarnastarfsemi sveitarfélagsins. Hins vegar var aðkoma sveitarfélagsins að lagningu ljósleiðarakerfisins í upphafi forsenda þess að hægt var að fara út í slíkar framkvæmdir og sveitarfélagið gengur því stolt frá borði.

Áætluð áhrif af sölu Skútustaðahrepps á hlutum í FMÝ eru eftirfarandi.

- Áætluð nettógreiðsla til sveitarfélagsins, 10,7 millj. kr.
- Bókfært tap af sölu hlutabréfa 4,4 millj. kr.
- Eignfært stofnframlag til FMÝ 27,6 millj. kr.
- Áætluð árleg afskrift stofnframlags 2,8 millj. kr. (afskrifað á 10 árum).

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða fyrirliggjandi samninga og felur sveitarstjóra að undirrita þá fyrir hönd sveitarfélagsins.

## HRÓS DAGSINS...

Fá bændur í Mývatnssveit fyrir að standa sólarhringsvaktina í sauðburði undanfarnar vikur!

## Guðjón tekinn til starfa

Eins og greint var frá í sveitarstjórastili fyrr á árinu var Guðjón Vésteinsson ráðinn sem skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins í 100% starf. Hann tók til starfa í vikunni og bjóðum við hann velkominn til starfa. Guðjón er verkfræðingur að

mennt, Mývetningur í húð og hár. Mun hann starfa við hlið Bjarna Reykjálín skipulags- og byggingafráfar til að byrja með og vera aðstoðarmaður hans. Bjarni mun starfa áfram fyrir Skútustaðahrepp, a.m.k. fram að áramótum. Stefnt er að því að vera áfram í samstarfi við Þingeyjarsveit um skipulags- og byggingamál.



## Skemmtilegir vortónleikar

Vortónleikar Tónlistarskóla Mývatnssveitar fóru fram í Reykjahlíðarskóla í vikunni. Þar stigu nemendur á stökk og töfrðu fram fjölbreytta tóna á vel sóttum tónleikum.

## Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförunu, m.a. í Reykjavík á dögnum með fyrirtækjum og stofnunum, Landgræðslunni, fulltrúum annarra sveitarfélaga vegna félags- og skólaþjónustu, skipulagsnefnd o.fl.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórastillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður

miðvikudaginn 23. maí n.k.

*Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**